

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Dalabyggð.

Auðarskóli og íþróttamiðstöð í Búðardal.

Sveitarstjórn Dalabyggðar samþykkti á fundi sínum 11. mars 2021 deiliskipulag fyrir Auðarskóla og íþróttamiðstöð í Búðardal, skv. 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagssvæðið er um 17.840 m² að stærð og innan þess eru þrjár lóðir með skilgreinda byggingarreiti, þ.e. Miðbraut 6B, 8 og 10. Á svæðinu er þar fyrir grunnskólinn Auðarskóli auk leikskóla og félagsheimilið Dalabúð. Tjaldsvæði Búðardals liggur að skipulagssvæðinu til suðausturs og grænt útivistarsvæði liggur að svæðinu til suðvesturs og vesturs.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Búðardal, 9. júlí 2021.

Þórður Már Sigfússon skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 23. júlí 2021